

65
14. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu, um fjallgöngur og fjárskil,
frá 16. apríl 1934.

1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Prennar skulu löggöngur á hausti hverju. Fyrstu göngur byrji 15. september og síðan skal gengið með viku millibili, þó getur hreppsnefnd ákveðið aðra gangnadaga, með samþykki hreppsþúa og sýslunefndar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1937.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna 31. maí 1927, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

66
22. júní

VATNSVEITUREGLUGERÐ

fyrir Neskaupstað.

1. gr.

Bæjarsjóður hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans, þegar vatnsleiðsla verður komin á bæjarbryggjuna.

2. gr.

Bæjarstjórnin lætur leggja aðalvatnsæðar um bæinn, svo víða sem fært þykir, svo húseignendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða í götu, er lóðir þeirra liggja að eða í námunda við, enda verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá aðalæðum þessum skulu húseignendur leggja vatnsæðar í hús sín, á sinn kostnað.

3. gr.

Þeim, sem búa utan vatnsveitusvæðisins, er heimilt að gera vatnsból og veita til sín vatni því, sem um lóð þeirra rennur eða á henni er, en gæta skal þess, að öðrum, sem tilkall eiga til þess vatns, verði sem minnstur bagi að vatnstökunni.

4. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, öðrum en geymsluhúsum, sem ekkert vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna og má eigi fara fram úr 6% af fasteignamatsverði. Auka-